



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 28. janúar 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1 kl. 19:05 - 20:45.

Mætt voru: Katrín Baldursdóttir, Laufey Ólafsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Reinhold Richter, Gunnar Smári Egilsson, Rán Reyisdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Kolbeinn Stefánsson. Hjalti Hrafn Hafþórsson var með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
3. Gunnar Smári fór yfir verkefni framkvæmdastjórnar fram að sósíalistaþingi. Eftirfarandi atriði voru rædd og samþykkt.

I. Maístjarnan

Gera upp vinylplötumarkaðinn og styrki sem komnir eru og leggja fram áætlun um fjáröflun fyrir árið. Hvetja fólk til að styrkja sjóðinn og leita nýrra fjáröflunarleiða.

Koma á laggirnar félögum og samtökum hópa sem standa veikt fjárhagslega. Til dæmis: Félag leigjenda hjá Félagsbústöðum, Félag strætófarþega, Félag fólks sem fær framfærslustyrk hjá sveitarfélögum, Félag heimilislausra, Félag innflytjenda á leigumarkaði, Félag uppkominnna fósturheimilisbarna, Sósíalísk námsmannasamtök, Félag atvinnulausra, Félag gjaldþrota fólks, Félag fólks á endurhæfingarlífeyri o.s.frv.

Halda námskeið fyrir fólk sem vill hefja pólitíska baráttu fyrir sinn hóp. Námskeiðin eru sambland af aktivisma og valdeflingu. Fjallað verður um félagsuppbyggingu, áróður, aðgerðir og persónuleg áhrif baráttu á sálarlíf og sjálfsmynd.

Undirbúa reikningslega aðgreiningu Maístjórnunnar frá flokknum, stofnun nýrra kennitölu, stofnskrár o.s.frv og framtíðarstefna mótuð með það að markmiði að formleg stofnun Maístjórnunnar verði á fudni flokksins 1. maí næstkomandi.

Umsjón: Sanna, Smári

II. Gul vesti

Kannaður verði möguleiki á að tengja saman ólíka hópa í aðgerðir gegn stjórnvöldum og stefnu stjórnvalda; láglaunafólk, eftirlaunafólk, öryrkja, leigjendur, innflytjendur, námsfólk o.s.frv. með það að markmiði að mynda regnhlíf sem mótuð yrði utan um fáar kröfur, 12-18, sem ná utan um baráttumál einstakra hópa og sem meirihluti fólks ætti að geta tekið undir.

Þessar aðgerðir eru ekki farmkvæmdar í nafni flokksins, en flokkurinn er tilbúinn að styðja þær óbeint og með því að aðstoða við framkvæmd þeirra. Þessar aðgerðir heyra því formlega ekki undir verksvið framkvæmdastjórnar.

Umsjón: Smári

III. Verkalýðsráð

Verkalýðsráð heldur utan um umræðu um verkalýðsmál innan flokksins og skipuleggur aðgerðir, t.d. framboð í einstökum félögum. Það er líka samráðsvettvangur þeirra sem gegna trúnaðarstörfum innan hreyfingarinnar, vettvangur þar sem sósíalistar úr ólíkum félögum bera saman bækur sínar og skiptast á reynslu.

Hlutverk framkvæmdastjórnar er að tryggja að verkalýðsráðið komist á legg og að starf þess sé blómlegt. Framkvæmdastjórn mun móta í samráði við verkalýðsráðið tillögur um hvernig ráðið verður fellt inn í skipulag flokksins. Verkalýðsráð til bráðabirgða þarf að skipa sér formann, varaformann og ritara á næstu vikum, án tillits til hvaða fyrirkomulag verði mótað kringum það og borið upp á sósíalistapingi.

Umsjón: Reinhold

IV. Kjörnefnd

Það er hlutverk framkvæmdastjórnar að slembivelja í kjörnefnd og styðja hana fyrstu skrefin, hvetja hana til að skipuleggja sem fyrst formlegt samstarf við borgarfulltrúa, opna fundi með fulltrúunum og félagsmönnum, setja á fasta viðtalstíma og koma á fót með öðrum hætti á formlegum boðleiðum milli flokksfélaga og kjörinna fulltrúa. Auk þess að efna til umræðu innan flokksins um helstu mál sem fulltrúarnir eru að vinna að og nota til þess vef flokksins, Facebook-hóp og –síðu, tölvupóstsamskipti og annað sem þykir henta.

Framkvæmdastjórn efnir til samtals við kjörstjórn um reynsluna af þessu starfi hennar og aðlagar skipulag flokksins að því sem best gagnast. Framkvæmdastjórn efnir sömuleiðis til samtals við kjörstjórn um með hvaða hætti mætti halda utan um val á frambjóðendum í jafn viðamiklum kosningum og þingkosningum eða framboði í helstu sveitarfélögum eftir þrjú ár. Þá mun framkvæmdastjórn leggja fyrir kjörstjórn að ákvarða reglur um laun og starfsskilyrði kjörinnar fulltrúa.

Umsjón: Viggó og Sanna

V. Erlend samskipti

Hefja þarf uppbyggingu boðleiða Sósíalístaflókkans við deiglu endurreisnar sósíalísmans í Evrópu og víðar. Markmiðið er ekki að tengjast stjórnmálaflókkum eða flokkablokkum í Evrópu, heldur að skapa tengsl við fólk og hreyfingar með reynslu og hugmyndir; ekki bara varðandi flokksstarf heldur einnig félagamyndun, útgáfu, aðgerðir, verkalýðsbaráttu o.fl.

Umsjón: Jóhann, Katrín (Guðmundur Auðunsson félagi okkar í UK vill taka þátt)

VI. Fjölgun félaga

Stefnt er að því að styrkja flokkinn með fjölgun félaga og virkjun nýrra félaga inn í flokksstarfið og önnur verkefni sem flokkurinn hefur tengst; svo sem endurreisn verkalýðshreyfingarinnar og annarra hagsmunasamtaka almennings.

Félagastjórn mun byggja upp sellur og eitt af markmiðum þeirra er að fjölga félögum í flokknum. En framkvæmdastjórn mun einnig beita sér varðandi fjölgun félaga eftir öðrum leiðum; aðgerðum á vefnum, úthringikvöldum í valda hópa, með hvatningu til gesta á viðburðum o.s.frv.

Fyrsta markmið er að tvöfalda fjölda félaga á árinu. Fyrir áramót voru 1684 skráningar í flokkinn svo markmiðið er að ná inn 1684 nýjum skráningum á þessu ári. Það gera 140 á mánuði. Í janúar skráðu 35 sig í flokkinn, svo stefnt er að 150 skráningum á meðaltali þá ellefu mánuði sem eftir eru af árinu.

Umsjón: Andri frá félagastjórn, Smári frá framkvæmdastjórn

VII. Sósíalísta-kaffi, fundir og viðburðir

Stefnt að viðburðum vikulega á miðvikudagskvöldum í sal Dósaverksmiðjunnar. Súpueldhús sósíalísta fyrsta miðvikudag í mánuði, samveru- og fjáröflunarkvöld félaga í flokknum og gesta þeirra með einfaldri dagskrá, mest frjálst samtal félagana. Önnur kvöld skiptast á milli opinna funda um borgarmál (kjörnefnd), opinna funda um verkalýðsmál (verkalýðsráð) og funda sem miða að tengingu flokksins við önnur hagsmunasamtök almennings.

Drög að dagskrá:

6. febrúar: Eiga sósíalistar erindi á þing?

13. febrúar: Borgarmál: Húsnæðiskreppan, sök borgarinnar

20. febrúar: Verkalýðsmál: Verða verkföll?

27. febrúar: Er stefna sósíalista sú sama og Öryrkjabandalagsins?

6. mars: Súpueldhús sósíalista

13. mars: Borgarmál: Fyrir hvern er strætó?

20. mars: Verkalýðsmál: Endurreisn VR

27. mars: Hvernig gera sósíalistar stutt hagsmunabaráttu eftirlaunafólks?

3. apríl: Súpueldhús sósíalista

6. & 7. apríl: SÓSÍALISTAPING

10. apríl: Borgarmál: Stéttaskipting í skólakerfinu

17. apríl: Enginn fundur, dymbilvika

24. apríl: Sósíalískur femínismi /femíniskur sósíalismi

1. maí: Fundur í Tjarnarbíói, súpueldhús í Dósaverksmiðju um kvöldið

8. maí: Borgarmál: Er Reykjavík gott þorp fyrir börnin?

15. maí: Verkalýðsmál: Hverjir eru verkalýðsflokkarnir?

22. maí: Sósíalísk umhverfisstefna

29. maí: Hvað er sósíalísk utanríkisstefna?

Þróa þarf betra form á upptökum á fundum til að varpa á Netið, gæta sérstaklega að hljóði.

Umsjón með súpueldhúsi og veitingum á fundum: Kolbeinn, Sigrún

VIII. Breytingar á lögum og skipulagi

Unnið að endurskoðun laga og skipulags með það að markmiði að það haldi utan um starf flokksins og aftri ekki vexti hans. Kanna meðal annars hvort setja eigi takmörk á lengd stjórnarsetu.

Endurvaktir samráðsfundir með formönnum stjórna (framkvæmda-, féлага- og málefna stjórna) einu sinni í mánuði.

Umsjón: Smári, Hjalti.

IX. Sósíalistarútan

Stefnt að því að sósíalistarúta fari hringinn í kringum landið í maí, eftir 1. maí-fundinn. Unnið að skipulagningu og ráðagerðin kynnt á sósíalistapingi.

Umsjón: Katrín

4. Fjármál

Uppgjör Plötumarkaðs Maístjórnunnar verður lagt fram á næsta fundi.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið.